



Umhverfisstefna ÍBH





Íþróttabandalag Hafnarfjarðar (ÍBH) er samtök íþróttafélaga í Hafnarfirði og er eitt af tuttugu og fimm íþróttahéruðum á landsvísu. ÍBH kemur til með að leggja sitt af mörkum við að nýta náttúruauðlindir og orku á eins sjálfbæran hátt eins og hægt er og draga þannig úr áhrifum gróðurhúsalofttegunda.





ÍBH stefnir ávallt að því að vera til fyrirmyndar í umhverfismálum með því að fylgja innlendum og erlendum samþykktum, sem og leiðarvísi Alþjóða Ólympíunefndarinnar (IOC) um íþróttir og umhverfi.





ÍBH leitast við að hafa umhverfissjónarmið að leiðarljósi í allri starfsemi Íþróttahreyfingarinnar í Hafnarfirði og er meðvitað um áhrif mannlífs á umhverfi og auðlindir. Einnig hvetur ÍBH aðildarfélög sín til að samþætta umhverfishugsun inn í dagleg störf, þannig að Íþróttastarfið fari fram í sátt við nánasta umhverfi og náttúruna.





ÍBH mun leggja áherslu á eftirfarandi atriði:

Vistvæn innkaup

ÍBH reynir eftir fremsta megni að kaupa inn umhverfisvænar rekstrarvörur og velur frekar endurvinnanlegar einnota vörur. ÍBH hvetur aðildarfélög sín til að gera slíkt hið sama.





Skipulagsmál og íþróttamannvirki

ÍBH bendir á þegar íþróttamannvirki sveitarfélaga / íþróttafélaga eru skipulögð þurfa aðgengi og aðkoma að íþróttamannvirkjunum að vera eins auðveld og hægt er fyrir alla. Umhverfispættir sem horfa þarf til eru, auðveld aðkoma gangandi og hjólandi, góðar almenningsamgöngur, stuttur ferðatími og lágur kostnaður. Auðvelt aðgengi íbúa að útivistarsvæðum hvetur til hreyfingar og heilsueflingar.





Íróttamannvirki og orkunotkun

ÍBH hvetur sveitarfélagið og aðildarfélög sem reka íróttamannvirki til að draga úr vatns- og rafmagnsnotkun sem og hitunarkostnaði með markvissum umhverfissjónarmiðum í rekstri íróttamannvirkjana. Gæta verður að virða reglur um lágmarkshita í íróttamannavirkjum á meðan þau eru í notkun og lög og reglur um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.





Flokkun úrgangs og endurvinnsla

ÍBH hvetur alla íþróttahreyfinguna í Hafnarfirði til að flokka allan úrgang eins vel og hægt er. Ennfremur stefnir ÍBH að lítilli notkun pappírs og annara rekstrarvara eins og frekast er unt og verslar frekar endurvinnanlegar vörur. Aðildarfélögin eru hvött til að gera slíkt hið sama.





Íþróttamót, ráðstefnur og fundir á umhverfisvænan hátt

ÍBH tekur mið af umhverfissjónarmiðum við val á staðsetningu funda og ráðstefna og hvetur aðildarfélögin til að gera það einnig við val á staðsetningu íþróttaviðburða þegar þeir eru skipulagðir og tímasettir, í þeim tilvikum sem því verður við komið.



**Takk fyrir að kynna þér
umhverfisstefnu ÍBH**

